

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 18. júní 2021

Mál nr. S-640/2020:

## Ákærvaldið

(*Dröfn Kærsted aðstoðarsaksóknari*)

**gegn**

**X**

(*Ingvar Þóroddsson lögmaður*)

(*Júlí Ósk Antonsdóttir lögmaður*)

## Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 7. maí sl., var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dagsettri 5. nóvember 2020, á hendur X, kt. [...], [...], [...],

„fyrir eftirfarandi brot á árunum 2017 og 2018 gegn Y, kt. [...], sem þá var nemandi hans í grunnskólanum [...], með samskiptum í gegnum samskiptamiðilinn Facebook eins og hér greinir:

1. Kynferðisbrot gegn barni sem honum var trúað fyrir til kennslu, með því að hafa ítrekað á tímabilinu frá 19. desember 2017 til 11. maí 2018 í samskiptum við Y áreitt hana kynferðislega með kynferðislegum ummælum og kynferðislegu myndefni, en með háttsemi sinni særði hann blygðunarsemi hennar og sýndi henni ósiðlegt athæfi.

Telst þetta varða við 2. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 209. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. Barnaverndarlagabrot, með því að hafa ítrekað á tímabilinu frá 30. nóvember 2017 til 11. maí 2018 í samskiptum við Y sent henni skilaboð með ummælum, táknum og myndefni þar sem hæðst er að jaðarsettum hópum, s.s. á grundvelli fötlunar, þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða og kynhneigðar, og þannig sýnt henni ruddalegt og ósiðlegt athæfi.

Telst þetta varða við 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

*Einkaréttarkröfur:*

Þess er krafist að ákærða verði gert að greiða A, kt. [...], vegna dóttur hennar, Y, kt. [...], 1.000.000 kr. í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 11. maí 2018 og þar til mánuður er liðinn frá birtingardegi bótakröfu, en dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að mati réttarins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.“

Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvalds en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði bundin skilorði. Þá krefst hann þess að bótakröfu verði vísað frá dómi, til vara sýknu af bótakröfu en til þrautavara að dæmdar bætur verði lægri en krafist er. Loks krefst hann þess að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans.

## I

Ákærði sinnti [...]kennslu við [...]sem starfsmaður [...]. Brotapoli var í [...]námi hjá ákærða auk þess sem hann sinnti forfallakennslu í öðrum fögum við sama skóla.

Fyrir liggur útprentun af miklum samskiptum ákærða og brotþola á samskiptamiðlinum Messenger. Ákærði notaði aðallega aðgangsréikninginn [...] frá 19. nóvember 2015 til 13. maí 2018 en einnig [...] frá 27. október 2017 til 24. apríl 2018. Við upphaf samskiptanna var brotþoli að verða [...] ára en [...] ára þegar þeim lauk og allan tímann nemandi ákærða.

Með bréfi, dags. 18. maí 2018, tilkynnti félagsþjónusta [...] lögreglu um grun um að ákærði hefði brotið kynferðislega gegn brotþola, með kynferðislegum samskiptum á samskiptamiðlum. Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu 30. maí 2018. Þann 16. ágúst 2018 var gert samkomulag um starfslok ákærða hjá [...]. Skýrsla var tekin af ákærða 11. desember sama ár. Málið var sent héraðssaksóknara 27. desember 2018. Héraðssaksóknari óskaði í tvígang eftir framhaldsrannsókn, með bréfum dags. 28. ágúst 2019 og 10. október 2019. Rannsókn lauk 5. október 2020 og ákæra var sem áður segir gefin út 5. nóvember 2020.

Ákærði krafðist þess að málinu yrði vísað frá dómi en því var hafnað með úrskurði uppkveðnum 2. mars sl.

## II

Ákærði kvaðst hafa kennt brotþola [...] í um þrjú ár og ýmis fög því tengd. Hann hafi einnig kennt [...] eina önn í afleysingum. Hann hafi ekki haft kennsluréttindi. Þegar brotþoli var í 8. og 9. bekk hafi hún oft verið erfið, með sterkar tilfinningar og átt það til að lokast alveg. Hún hafi þó verið ánægð í náminu. Hann hafi aðallega átt samskipti við brotþola í [...] sem fóru fram í einkakennslu og [...] og [...] sem voru hópatímar. Þá hafi hann verið með Facebookhóp tengdan náminu þar sem foreldrar og fleiri kennarar hafi einnig verið. Í 10. bekk hafi brotþoli breyst og þroskast mjög mikið, verið mjög dugleg, orðið öruggari og tekið hröðum framförum. Þau hafi farið að ræða meira saman á netinu um Messenger og Snapchat og orðið æ meiri félagar. Ákærði kvaðst hafa notað

aðgang undir sínu nafni, [...], en hann hafi einnig haft varaaðgang, [...], því að Facebook hafi ekki alltaf kunnað að meta brandarana hans og reglulega sett hann í bann þar.

Ákærði kvaðst sjá það eftir á að þau hafi orðið óþarflega miklir félagar sem kennari og nemandi og hann leyft sér að ræða ýmislegt við hana. Brotapoli hafi leitað til hans og spurt hann ýmissa spurninga um stráka og kynlíf. Hún hafi sagt honum persónulegar sögur heiman frá sér, að hún fengi ekki næga ást og umhyggju og fyndist enginn skilja sig. Hann hafi einnig opnað sig gagnvart henni. Á þeim tíma hafi honum fundist hann vera hjálplegur vinur. Hann hafi dáðst að henni og fundist hún glæsileg stúlka og sennilega verið þínu hrifinn af henni. Vinskapur þeirra hafi þróast frekar náttúrulega á fyrri önn hennar í 10. bekk og þau verið orðin mjög góðir vinir á seinni önninni, í upphafi árs 2018. Ákærði kannaðist við að inni á milli hafi verið skilaboð af kynferðislegum toga. Hann eigi það til að missa sig í fíflagangi á netinu. Hann hafi grófan húmor og þegar hann verði hress og spenntur gleymi hann því að hann sé að tala við raunverulegar manneskjur. Þá hiki hann ekki við að tala um það sem aðrir telji tabú. Hann kvað þetta einskorðast við samskipti á netinu. Aðspurður um hvort hann kannaðist við að hafa sent brotapola kynferðislegt myndefni og myndefni þar sem var hæðst að fötludum kvaðst hann hafa sent henni myndir sem áttu að vera myndar, sennilega hafi verið einhver nekt þar. Þetta hafi verið af sama tagi og hann sendi vinum sínum sem kunni að meta þannig húmor. Hann hafi verið búinn að segja við hana reglulega að láta sig vita ef henni misbyði en hún gefið til kynna að þetta væri allt í lagi og aldrei beðið hann um að hætta. Þá hafi brotapoli sent til baka myndir sem voru einnig frekar vafasamar og hann hafi talið þau vera vini að skemmta hvor öðrum. Hann sjái að hann hefði átt að vera faglegrí í samskiptunum en það hafi engin meaning verið á bak við þetta önnur en fíflangur og grófur húmor. Ákærði kvaðst ekki hafa átt í slíkum samskiptum við yngri nemendur heldur fíflast svona með brotapola og nokkrum strákum í 10. bekk. Aðspurður um grín að fólki vegna þjóðernis eða kynþáttar kvaðst ákærði senda svo margar grínmyndir að hann muni það ekki alveg, engin sérstök hugsun hafi verið á bak við það. Aðspurður um slík samskipti við aðra nemendur sagði ákærði að nokkrum strákum í 10. bekk hafi fundist þetta skemmtilegt. Samskipti við þá hafi líklega verið í svipuðum dúr. Ákærði kvaðst ekki muna til þess að sér hafi verið kynntar reglur um samskipti við nemendur þegar hann hóf störf.

Varðandi samskipti 11. maí 2018, þar sem ákærði tjáði brotapola að hann væri hrifinn af henni, kvaðst hann hafa sagst hafa verið hrifinn af henni í svólítinn tíma en tekið fram að hann vissi að það myndi aldrei verða neitt úr því sambandi, hún væri of ung og það væri ekki við hæfi, en hann vildi að hún vissi hvernig honum líði. Hann hafi verið búinn að taka sterk róandi lyf og því leyft sér meira en hann hefði annars gert. Hann hafi haft þann fyrirvara að hann byggist ekki við sambandi og hafi ekki beðið hana um neitt eða búist við neinu af henni, bara látið hana vita að hún væri elskuð. Hann hefði þó sem kennari átt að geyma þetta með sjálfum sér. Ákærði kvaðst síðar hafa heyrt að það hafi gengið sá orðrómur að hann hefði sofið hjá stúlku í skólanum, brotapoli hafi sagt dreng í skólanum að hún hafi orðið hrædd þegar hún fékk þessi skilaboð vegna þess orðróms.

Borin voru undir ákærða einstök atriði úr samskiptum hans við brotapolu. Hann kvaðst ekki muna eftir öllu, enda sendi hann fjölda slíkra smámynda dag hvern til vina sinna. Hann dró þó ekki í efa að þau skilaboð sem voru send frá hans aðgangi hafi stafað frá honum. Hann kvað sumt ruddalegt og gróft en nefndi að hún hefði svarað í sömu mynt og kvaðst hafa ætlað sér að vera fyndinn.

Ákærði kvaðst hafa fengið viðvörðun um að hann hafi átt í ósiðlegum samskiptum við brotapolu og skrifað undir að koma ekki í skólann næsta dag. Skóla hafi verið nær lokið, en hann þó klárað út árið en ekki mátt hitta brotapolu. Hann hafi svo skrifað undir starfslokasamning. Síðan hafi þetta mál verið í kerfinu og litað líf hans hvern einasta dag. Ákærði kvaðst hafa glímt við mjög alvarlegan kvíða og þunglyndi frá unglingsárum. Málið hafi reynst honum mjög erfitt en honum þó tekist, með mikilli hjálp frá læknum og á [...], að bæta heilsu sína mjög og draga úr lyfjatöku.

Ákærði kvaðst hafa átt í samskiptum við brotapolu hálfu ári eftir að málið hófst, í gegnum sameiginlegan vin. Þau hafi skrifað hvort öðru bréf um hvað væri leitt hvernig þetta hefði farið. Þar hafi komið fram að brotapolu þætti leitt að hann hafi verið kærður og að hún hafi grátbeðið mömmu sína um að draga kærana til baka. Einnig að hún hefði haft gaman af samskiptunum og ekki tekið neinu illa nema hún hafi orðið hrædd vegna skilaboðanna 11. maí 2018.

Brotapoli kvað ákærða hafa verið [...]kennara sinn í þrjú eða fjögur ár. Fyrst hafi allt byrjað mjög eðlilega en svo hafi samskipti þeirra aukist, sérstaklega á samskiptamiðlum, mest á Messenger en einnig á Snapchat. Samskiptin hafi þróast út í eitthvað sem var frekar óeðlilegt. Hún hafi litið á ákærða sem vin sem hún gæti litið upp til og ekki áttað sig á því hversu slæm þessi samskipti voru fyrr en hann hafi tjáð henni að hann væri hrifinn af henni. Hún hafi vitað að ákærði væri í svona samskiptum við bekkjarbræður hennar og fundist hún hafi verið tekin inn í hópinn þegar hann fór að senda henni svona efni.

Samskiptin hafi verið mest þegar hún var í 10. bekk og hún fengið skilaboð um að hann væri hrifinn af henni í lok þess skólaárs. Hún hafi ekki vitað hvernig ætti að svara þessu. Hann hafi síðan sagt að hann vissi að hún myndi aldrei vilja sig og hún þá reynt að hughreysta hann. Hún hafi verið á nálum og ekki þorað í skólann daginn eftir en hann svo reynst vera lasinn og ekki mætt. Henni hafi liðið illa og leitað til B, vinkonu sinnar. B hafi hvatt hana til að segja móður sinni frá þessu sem hún hafi gert. Móðir hennar hafi svo leitað til barnaverndar.

Brotapoli lýsti því að þar til hún fékk umrædd skilaboð um að ákærði væri hrifinn af henni hafi henni fundist samskiptin fyndin og hún telji að hann hafi meint það þannig. Hún geri sér þó grein fyrir að þetta hafi verið óviðeigandi, svo sem umræða um kaup á kynlífstæki handa henni og myndir af fyrrverandi kærustu hans fáklæddri. Hún kvaðst ekki muna eftir að hafa fengið kynferðislegar myndir frá ákærða en man eftir myndum þar sem var verið að hæðast að fötluðum og öðrum kynþáttum. Hún hafi litið á það sem part af húmornum. Nú sé hún pirruð við sjálfa sig að hafa ekki áttað sig á því að þetta væri ekki í lagi þó að vinir hennar hafi reynt að segja henni það. Hún hafi bara nýlega áttað sig á hversu óviðeigandi þetta var. Hún sé reið og sár við sjálfa sig og hann og hafi reynt að byrgja þetta inni. Brotapoli kvaðst hafa treyst ákærða og rætt við hann um

ýmislegt sem hún treysti sér ekki til að ræða við vinkonur sínar. Á þessum tíma hafi hún haft mjög lítið sjálfstraust, fundist hún ógeðsleg og haldið að enginn vildi hana. Um leið og einhver hafi sýnt henni athygli hafi hún gripið í það. Það hafi án efa átt þátt í því að þetta átti sér stað.

Hún kvað ákærða einnig hafa verið í miklum samskiptum við tvo bekkjarbræður hennar, einn dreng, tveimur árum yngri, og systur hans, sem er fædd 2008, og stúlku að nafni D.

Aðspurð kannaðist brotapolí við að hafa heyrt einhverja sögu um að ákærði hafi sofið hjá einhverjum nemanda sínum. Hún hafi ekki trúað því en það hafi kannski samt haft áhrif á viðbrögð hennar þegar hún fékk skilaboð um að ákærði væri hrifinn af henni.

Brotapolí kvað móður sinni hafa verið brugðið þegar hún sagði henni frá þessu. Hún hafi orðið mjög sár og reið því að hún hafi treyst ákærða og alltaf verið mjög góð við hann. Brotapolí hafi ekki viljað kæra ákærða, henni hafi fundist óþarfi að gera stórmál úr þessu því að hún væri að ljúka skólanum. Aðspurð um að hafa sagt lögreglu í skýrslutöku 30. maí 2018 að hún hefði það fínt sagði brotapolí að það hafi verið af því að henni hafi ekki fundist þetta alvarlegt mál. Hún hafi farið í viðtal hjá sálfræðingi að beiðni móður sinnar en ekki fundist hún þurfa á því að halda. Hún hafi síðar hitt skólasálfræðing í nokkur skipti í 1. bekk í framhaldsskóla, vegna samviskubits yfir að hafa sagt frá þessu, henni hafi liðið eins og hún hafi svikið ákærða. Brotapolí kvaðst hafa hitt sálfræðing aftur nýverið. Varðandi bótakröfu hennar kvaðst hún óviss um hvað henni fyndist.

Varðandi samskipti við ákærða síðar lýsti hún því að nokkrum dögum eftir að hún hætti að hitta skólasálfræðinginn hafi hún haft samband við vin sinn og sagt honum að hún vildi óska þess að hún gæti beðið ákærða afsökunar. Vinur hennar hafi þá komið henni í samband við ákærða í gegnum einhvern samskiptamiðil. Hún hafi sagt honum hvernig henni liði með þetta en þá hafi samskipti þeirra hafist að nýju. Ákærði hafi lýst því hvað þetta mál hefði haft mikil áhrif á sig og að hann hefði verið í sjálfvígshugleiðingum. Hann hefði spurt hvernig henni myndi líða ef hún sæi frétt af því í blöðunum að hann hefði stökkið fram af kletti. Hún hafi því ekki þorað að slíta samskiptum við hann. Ákærði hafi svo aftur farið að senda kynferðislegar myndir. Eftir nokkur samskipti hafi ákærði farið að lýsa því í mjög grófum lýsingum hvernig hann ætlaði að ríða henni og beðið hana að lýsa því hvað hún myndi gera. Hún hafi ekki þorað að slíta samskiptunum skyndilega því að hún hafi óttast viðbrögð hans, en henni hafi liðið illa og fundist þetta mjög óþægilegt. Hún hafi í kjölfarið dregið smám saman úr samskiptunum og slitið þeim með afsökun um að hún væri hrædd um að mamma hennar kæmist að þessu.

Vitnið A, móðir brotapóla, kvað brotapóla hafa komið og sagt henni frá óviðeigandi samskiptum við ákærða, að hvatningu vinkonu hennar. Vitnið hafi gætt þess að hlusta bara róleg en verið mjög brugðið. Hún hafi þakkað henni traustið og lagt áherslu á að þetta væri ekki henni að kenna, ábyrgðin væri hans. Hún kvaðst hafa rætt við félagsmálastjóra þennan dag og sagt að hún gæti ekki annað en tilkynnt þetta formlega. Vitnið kvaðst hafa treyst ákærða, og báðar dætur hennar verið hjá honum í [...]. Hún hafi hins vegar skömmu áður séð samskipti ákærða við tveimur árum yngri dóttur hennar. Þau hafi verið fráleit og hún hafi því verið búin að ákveða að taka þetta upp í skólanum.

Vitnið kvað ákærða hafi náð til brotþola með því að fara á hennar plan. Það hafi stefnt í það sama með yngri dóttur hennar en það hafi ekki gengið jafn langt. Ákærði hafi náð trúnaði barnanna og fundið á þeim veiku blettina. Á þessum tíma hafi sjálfstraust brotþola ekki verið gott. Hún hafi [...] og oft verið einmana. Brotþoli hafi treyst ákærða algjörlega og þetta svo leiðst út í svona sóðatal. Vitnið kvaðst ekki hafa lesið nákvæmlega í gegnum samskiptin en rúllað aðeins yfir þau og meðal annars séð að hann var að spyrja hana hvort hún rakaði kynfærasvæðið. Vitnið kvaðst hafa rætt við foreldra þriggja annarra barna í skólanum sem henni fannst ákærði vera í óeðlilega miklum samskiptum við. Raunar hafi ákærði ekkert verið í samskiptum við fullorðna heldur aðeins börnin í skólanum.

Vitnið kvað brotþola hafa fengið mikið samviskubit yfir að eyðileggja fyrir ákærða. Þegar brotþoli setti sig síðar í samband við ákærða til að lýsa því hve illa henni liði hafi hann ýtt mjög undir þetta samviskubit en svo í framhaldinu verið farinn að skrifa um hvernig hann vildi ríða henni. Brotþoli sé frekar lokuð og hafi ekki viljað leita til sálfræðings.

Vitnið B, vinkona brotþola, sagði að brotþoli hafi sagt henni frá því að ákærði hafi sagst vera hrifinn af henni. Hún hafi ekki vitað hvernig hún ætti að haga sér og ekki þorað að segja neinum frá. Vitnið hafi hvatt hana til að segja mömmu sinni frá því, og hún hafi gert það. Seinna, þegar allt var komið í háaloft, hafi brotþoli farið að vorkenna ákærða og haft samband við hann aftur. Hún hafi svo séð eftir því þar sem hann hafi orðið mjög óviðeigandi. Vitnið kvað brotþola fyrst ekki hafa áttað sig á því hversu rangt þetta væri því að hún hafi litið á ákærða sem vin sem hún gæti treyst. Henni hafi liðið mjög illa og ekki vitað hvernig hún ætti að koma þessu frá sér. Hún kvað brotþola hafa verið reiða við sjálfa sig að hafa sett sig í samband við hann aftur. Þegar hún var í 10. bekk hafi sjálfstraust brotþola ekki verið gott og hún líklega með vott af þunglyndi.

Lögreglumaður nr. 8806 kvaðst hafa fengið tilkynningu frá barnavernd. Hann hafi tekið skýrslu af brotþola og svo hafi málið verið unnið úr gögnum frá henni. Rannsóknin hafi fyrst og fremst byggst upp á samskiptum af Facebook. Vitnið kvað ákærða hafa verið samvinnuþýðan við rannsókn og honum verði ekki kennt um þann tíma sem rannsóknin tók.

Vitnið E lækni kvað ákærða lengi hafa verið í meðferðarsambandi við lækna á [...], einkum vegna þunglyndis og kvíða. Ákærði hafi leitað til vitnisins vegna þessa máls 18. maí 2018, hann hafi sagt að vandamál hafi komið upp í skólanum. Þeir hafi ekki rætt málið nákvæmlega en ákærða hafi greinilega liðið mjög illa. Hann hafi um tíma verið í talsverðri sjálfsvígshættu. Ákærði sé ekki vinnufær eins og er en hann sé í endurhæfingu og sinni henni eftir bestu getu.

### III

Í ákærulið 1 eru ákærða gefin að sök kynferðisbrot gegn barni sem honum var trúað fyrir til kennslu, með því að hafa ítrekað á tímabilinu frá 19. desember 2017 til 11. maí 2018 í samskiptum við Y áreitt hana kynferðislega með kynferðislegum ummælum og kynferðislegu myndefni, og að hafa með þeirri háttsemi sært blygðunarsemi hennar og

sýnt henni ósiðlegt athæfi. Brotin eru talin varða við 2. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 1940 en til vara við 209. gr. sömu laga og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samkvæmt 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal sá sæta fangelsi allt að 12 árum, sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn á aldrinum 15, 16 eða 17 ára, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis. Samkvæmt 2. mgr. varðar önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. fangelsi allt að 4 árum. Samkvæmt 209. gr. sömu laga skal sá sæta fangelsi allt að 4 árum sem með lostugu athæfi særir blygunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis.

Kynferðisleg áreitni er í 199. gr. sömu laga skilgreind þannig að hún felist meðal annars í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan, enn fremur í táknrænni hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga er lögfesti ákvæðið í núverandi mynd er fjallað um mörk kynferðislegrar áreitni samkvæmt 199. gr. og blygðunarsemisbrots samkvæmt 209. gr. Kemur þar fram að stöðugt áreiti sem nálgist einelti myndi falla undir 199. gr. Ekki sé gerð sú krafa að brot hafi valdið ótta í raun, heldur nægilegt að háttsemin sé til þess fallin. Klúrt orðbragð og einhliða athafnir án þess að um líkamlega snertingu sé að ræða falli annars yfirleitt undir 209. gr. Það eigi við þegar ekki sé um ítrekaða háttsemi að ræða gagnvart sama einstaklingi.

Fyrir liggja mikil samskipti milli ákærða og brotþola yfir langan tíma um samskiptamiðilinn Messenger, allt frá 19. nóvember 2015 til 13. maí 2018. Ákærði kvaðst ekki hafa viljað fara yfir öll fyrirliggjandi gögn en undir hann var borið hvort hann kannaðist við að hafa sent tiltekna myndir og ummæli. Hann dró ekki í efa að öll þau skilaboð sem fyrir liggja stafi frá honum. Hann gekkst við því að hafa farið yfir strikið með skilaboðum 11. maí 2018 þar sem hann lýsti því að hann væri hrifinn af brotþola en annað hefði verið grín, hann hafi mjög svartan húmor. Varðandi ýmis skilaboð og myndir sem hann sendi kvaðst hann þó sjá nú að brandararnir hafi ekki allir verið við hæfi vegna stöðu hans sem kennara.

Í samskiptum ákærða við brotþola er nokkur fjöldi mynda sem teljast án nokkurs vafa vera kynferðislegar, og sumar talsvert grófar, einkum fyrir [...] ára barn. Þá eru fjölmörg ummæli frá honum einnig kynferðisleg. Um er að ræða ítrekaða háttsemi yfir nokkurra mánaða tímabil. Sum ummælanna beindust að brotþola persónulega, svo sem spurningar um skoðun hennar á rakstri á kynfærsvæði, umræður um að hann sé að hugsa um að gefa henni gervilim og yfirlýsing um að hann sé hrifinn af henni. Ákærða var trúað fyrir brotþola til kennslu. Þótt brotþoli hafi lýst því að hafa ekki orðið hrædd fyrr en hún fékk skilaboðin þar sem ákærði lýsti hrifningu sinni á henni er það mat dómsins að kynferðislegt myndefni og kynferðisleg ummæli ákærða hafi verið til þess fallin að valda [...] ára barni ótta. Sú vörn ákærða að um grín hafi verið að ræða leysir hann ekki undan sök. Með vísan til framangreinds verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem greinir í ákærulið 1 og varðar hún við 2. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í ákærulið 2 er ákærða gefið að sök að hafa ítrekað á tímabilinu frá 30. nóvember 2017 til 11. maí 2018 sent brotþola skilaboð með ummælum, táknum og myndefni þar sem hæðst er að jaðarsettum hópum, s.s. á grundvelli fötlunar, þjóðernis, litarháttar,

kynþáttar, trúarbragða og kynhneigðar, og þannig sýnt henni ruddalegt og ósiðlegt athæfi. Er það talið varða við 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Er það álit dómsins að fjölmörg skilaboð ákærða til brotþola hafi verið ruddaleg og niðrandi í garð þeirra hópa sem nefndir eru í ákæru og að slík skilaboð til barna séu til þess fallin að ýta undir fordóma og andúð í garð þessara hópa. Fær slíkt ekki með nokkru móti samræmst stöðu ákærða sem kennara. Verður ákærði því einnig sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákærulið 2 og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæðis.

#### IV

Ákærði hefur ekki áður verið dæmdur til refsingar. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að ákærði var þrítugur maður sem var falið að kenna brotþola sem var [...] ára. Hann hafði því yfirburðastöðu gagnvart henni vegna stöðu og aldurs- og þroskamunar. Ákærða, brotþola og vitnum bar saman um að brotþoli hefði haft mjög lítið sjálfstraust þegar brotin hófust og bera samskiptin með sér að hann hafi nýtt sér það til að vingast við hana. Brot þau sem ákærði er sakfelldur fyrir ná yfir nokkurra mánaða tímabil og hann lét ekki af háttseminni að eigin frumkvæði. Á hinn bóginn verður einnig litið til þess að nær tvö og hálf ár liðu frá því að málið barst lögreglu þar til ákæra var gefin út, en ákærða verður ekki kennt um þann drátt. Með vísan til framangreinds þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið, eins og nánar greinir í dómsorði.

Brotþoli krefst miskabóta úr hendi ákærða, með vöxtum og dráttarvöxtum. Ekki liggja fyrir sérfræðileg gögn um afleiðingar brotsins en í dómaframkvæmd hefur því verið slegið föstu að brot af því tagi sem hér um ræðir séu almennt til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður sálrænum erfiðleikum. Brotþoli kvaðst ekki hafa orðið hrædd fyrir en hún fékk síðustu skilaboðin frá ákærða. Hins vegar er ljóst að hún glímir við mikla sektarkennd vegna málsins og kennir sjálfri sér um að hafa komið ákærða í vanda. Þykja bætur til hennar hæfilega ákveðnar 600.000 krónur auk vaxta og dráttarvaxta. Ekki verður séð að ákærða hafi verið birt bótakrafa brotþola fyrir en við birtingu fyrirkalls og ákæru þann 16. desember 2020, og ber krafan því dráttarvexti frá 16. janúar 2021.

Að kröfu ákæruvalds og með vísan til dómsniðurstöðu verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns og þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola, eins og greinir í dómsorði að virðisaukaskatti meðtöldum. Við ákvörðun málsvarnarlauna verjanda og þóknunar réttargæslumanns er litið til þess að málið er umfangsmikið. Þá gættu þau bæði hagsmuna skjólstæðinga sinna á rannsóknarstigi og fyrir dómi.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn. Dráttur varð á dómsuppsögu vegna embættisanna dómara, en gætt var ákvæðis 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

#### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotþola, Y, 600.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 11. maí 2018 til 16. janúar 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 2.831.188 krónur í sakarkostnað, þ.e. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingvars Þóroddssonar lögmanns, 1.983.028 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Júlíar Óskar Antonsdóttur lögmanns, 848.160 krónur.